# Kynning á Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Magnea Garðarsdóttir



Markaðsstofa Vestfjarða

Vestfjarðastofa

# Verkefnið á Vestfjörðum




Markaðsstofa Vestfjarða

# Verkefnið á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum er unnin ein áfangastaðaáætlun

- Aðgerðaáætlun er skipt niður í þrjú svæði og ein fyrir Vestfirði sem heild.




Markaðsstofa Vestfjarða

# Verkefnið á Vestfjörðum

## Framtíðarsýn – Markmið – Aðgerðaáætlun

Eldri gögn nýtt og farið með á opna fundi sem og til allra sveitafélaga

- Stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016
- Verkefni úr Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- Landsáætlun

Markaðsstofa Vestfjarða

# Sameiginleg sýn til ársins 2021

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu- hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægifagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring".

# Meginmarkmið

- Uppbygging gæðaáfangastaða.
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu.
- Samstaða um umhverfi og samfélag.
- Bættar samgöngur.
- Viðhald sérkennis svæðis og náttúru.
- Heilsársferðaþjónusta.
- Heildstæðar þorpsmyndir.
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun.

# Hvernig ferðaþjónustu viljum við ?

**Ferðaþjónustu með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið.**

- Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- Upplifunarferðmennska (e. experience tourism)
- Menningar og arfleifðarferðamennska(e. culture and heritage tourism)
- Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðaþjónusta en megin áhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

# Aðgerðaáætlun

## Vestfirðir sem heild

1. **Hringvegur 2** - Uppbygging á öruggum samgöngum sem henta ferðaþjónustu og flutningum með áherslu á að ljúka hringvegi 2 um Vestfirði.
   - Undirbúa hringtengingu Vestfjarða sem verður til með Dýrafjarðargöngum og nýjum vegi yfir Dynjandisheiði. Efla þarf í því samhengi heilsársferðaþjónustu á svæðinu bæði með stefnumótun, vöruþróun og kynningu.
2. **Heilsársferðaþjónusta** – Efling heilsársferðaþjónustu. Þróa og vekja athygli á og auka sölu á ferðum til Vestfjarða með sérstaka áherslu á lengingu ferðamannatímabilsins.
3. **Uppbygging ferðaþjónustu í bæjarkjörnum** - Uppbygging ferðaþjónustu í bæjarkjörnum og vinna við stefnumótun ferðaþjónustu í þorpum. Áhersla á þróun afþreyingar hvort sem er með selda afþreyingu eða sem ferðamenn geta nýtt sér sjálfir eins og hönnun á öflugu kerfi göngu,- hjóla og hlaupaleiða.
4. **Skemmtiferðaskip, stjórnun, stýring og aðgengi** - Rammi verður settur um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum fyrir árið 2020.
5. **Öflugt samstarf og gæði** – Auka gæðavitund og samstarf ferðaþjóna og auka stafræna hæfni með að efla tæknilega getu ferðaþjóna.
6. **Efla áhugaverða sögustaði** - Efla áhugaverða sögustaði með lengri opnunartíma sem og uppbyggingu sem varðar uppsetningu sýninga og aðgengi
7. **Þjónusta við ferðamannavegi** - Endurskoðun á þjónustu á þeim vegum þar sem áfangastaður er í sókn.

# Aðgerðaáætlun

## Norðursvæði

1. **Dynjandi** – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.
2. **Bolafjall** – Heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastað.
3. **Skemmtiferðaskip á Ísafirði** - Skipulags-, hönnunar- og framkvæmdavinna til að móta aðkomu farþega skemmtiferðaskipa og fyrstu upplifun þegar í land er komið.
4. **Hvítanes og Litlibær í Ísafjarðadjúpi** – Bætt aðkoma ferðamanna að Hvítanesi og Litlabæ með áherslu á samlyndi náttúru og öryggi ferðamanna við þjóðveginn.
5. **Hornstrandir og Jökulfirðir** – Greining á núverandi stöðu og stefnumótun um þróun friðlandsins sem áfangastaðar.
6. **Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum** - Hönnun á alhliða útivistarsvæði sem inniheldur skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi.
7. **Minnibakki – Skálavík** – Uppbygging Minnibakka og Skálavíkur sem áfangastaða með aðgengi að salernum og bættum samgöngum.
8. **Hornstrandastofa** – Uppbygging gestastofu á Ísafirði

Markaðsstofa Vestfjarða

# Aðgerðaáætlun

## Suðursvæði

1. **Látrabjarg** – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
2. **Minjasafnið að Hnjóti** – Nauðsynlegt er að byggja upp og bæta aðgengi að Minjasafninu að Hnjóti og efla það þannig sem áningarstað ferðamanna.
3. **Tálknafjarðarhreppur**– Uppbygging áfangastaðar í Tálknafjarðarhreppi.
4. **Rauðasandur** – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsársáfangastaður.
5. **Garðar BA** – Uppbygging sem áningarstaðar.
6. **Listasafn Samúels í Selárdal** – Áframhald við viðeigandi uppbyggingu safnins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
7. **Sundlaugin í Krossholti** – Uppbygging í kringum sundlaugina í Krossholti á Barðaströnd.

# Aðgerðaáætlun

## Strandir og Reykhólar

1. **Áningarstaðir í Reykhólasveit** – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
2. **Áningarstaðir í Strandabyggð** - Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
3. **Kaldalón** – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.
4. **Árneshreppur** – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
5. **Pottarnir á Drangsnesi** – Uppbygging pottana á Drangsnesi sem áningarstað.
6. **Heilsársvegur Árneshrepp** – Öruggar heilsárssamgöngur í Árneshreppi.



# Næstu skref

- Kynning á aðgerðaáætluninni og þeim aðgerðum sem þar eru.
- Aðstoða sveitafélög og aðra við að sækja um í þá sjóði sem eru í boði, sbr. Landsáætlun og Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- Uppfæra og halda plagginu lifandi.


Takk fyrir
Markaðsstofa
Vestfjarða
Vestfjarðastofa

# Kynning á áfangastaðaáætlunum

- Ávarp og setning fundar – Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri
- Verkefnisstjórar kynna áfangastaðaáætlanir
  - Áfangastaðaáætlun Vesturlands – Margrét Björk Björnsdóttir
  - Áfangastaðaáætlun Austurlands – María Hjálmarsdóttir
  - Áfangastaðaáætlun Norðurlands – Björn. H. Reynisson
- Kaffihlé
  - Áfangastaðaáætlun Höfuðborgarsvæðis – Ágúst Elvar Bjarnason
  - Áfangastaðaáætlun Reykjaness – Þuríður H. Aradóttir Braun
  - Áfangastaðaáætlun Suðurlands – Anna Valgerður Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir
  - Áfangastaðaáætlun Vestfjarða – Magnea Garðarsdóttir
- Snertifletir Landsáætlunar um innviði við áfangastaðaáætlanir – Dagný Arnarsdóttir, sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Hvernig munu áfangastaðaáætlanir nýtast – Aldís Hafsteindóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga